



Umboðsmaður barna  
Salvör Nordal  
Kringlunni 1, 5. hæð  
103 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2022  
Tilv.: MRN22020417/14.22

Efni: Svar við bréfi umboðsmanns barna um menntun barna á tímum kórónuveirufaraldurs

Mennta- og barnamálaráðuneyti þakkar umboðsmanni barna bréf sem barst ráðuneytinu þann 17. janúar 2022 og fjallaði um menntun barna á tímum kórónuveirufaraldurs.

Í bréfinu kemur fram að umboðsmanni hafi borist ábendingar og fyrirspurnir sem snúa að rétti barna til náms meðan á sóttkví eða einangrun stendur og hvernig tilhögun þess sé háttað. Jafnframt kemur fram að umboðsmaður telji hættu á því að börn dragist aftur úr í námi, einkum í ljósi þeirra upplýsinga sem borist hafa embættinu um mismunandi viðbrögð skóla um tilhögun náms barna meðan á sóttkví eða einangrun stendur. Kallað er eftir því að ráðuneytið veiti skólum leiðbeiningar um samhæfð viðbrögð þeirra til að tryggja rétt barna til menntunar, í samræmi við 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 28. gr. laga nr. 13/2019 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ráðuneytið fagnar ofangreindum tillögum og tekur undir að brýnt er að leita allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum COVID-19 á nám og vellíðan barna og að tryggja rétt þeirra til menntunar í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Frá upphafi faraldursins hefur rík áhersla verið lögð á að halda skólum opnum í samræmi við gildandi sóttvarnarádstafanir hverju sinni þar sem horft hefur verið sérstaklega til þess að gæta að velferð, menntun og öryggi barna og ungmenna, kennara og annars starfsfólks skóla. Ljóst var að ríkulegt samráð við skólasamfélagið væri lykill að árangri og var í þeim tilgangi settur á fót samráðsvettvangur helstu hagsmunaaðila sem mennta- og menningarmálaráðherra fundaði með reglulega frá upphafi marsmánaðar árið 2020.

Nú líður brátt að því að liðin verða tvö ár frá því að neyðarástandi á heimsvísu vegna kórónuveirufaraldurs var lýst yfir og við blasir að skóla-, íþrótt- og frístundastarf hefur orðið fyrir talsverðum áhrifum á tímabilinu. Þó brugðist hafi verið við með ýmsum mótvægisáðgerðum, t.a.m. með sértækum og almennum stuðningi við íþrótt- og æskulýðsstarf barna og ungmenna, áðgerðum til stuðnings viðkvæmum hópum og áðgerðum gegn ofbeldi er brýnt að vinna úr áhrifum faraldursins á íslenskt mennta- og velferðarkerfi til lengri tíma litið. Mikilvægt er að huga að börnum og ungmennum og starfsfólki skóla, sérstaklega að þörfum barna sem eru í viðkvæmri stöðu.

Í janúar 2022 setti mennta- og barnamálaráðherra á fót vöktunarteymi um skóla- og frístundastarf og sóttvarnarádstafanir vegna COVID-19 sem hefur það hlutverk að stuðla að markvissum viðbrögðum sem best tryggja öryggi barna og ungmenna og starfsfólks í skólum og að nemendur fái notið lögbundinnar þjónustu menntakerfisins. Til að fylgja erindinu eftir, bauð ráðuneytið umboðsmanni barna á fund vöktunarteymis þann 19. janúar sl. Þar var m.a. rætt um mikilvægi þess að huga að

jafnræði nemenda varðandi náms- og félagslegan stuðning og samræmingu í fjarvistar- og leyfisskráningum þegar nemendur eru í sóttkví eða einangrun.

Ráðuneytið hefur brugðist við ábendingum umboðsmanns barna og sent skólastjórnendum leik- og grunnskóla og skólameisturum framhaldsskóla bréf þar sem hvatt var til þess að skólastarf yrði eins hefðbundið og unnt væri miðað við stöðu smita í samfélaginu hverju sinni og að huga bæri að námi nemenda og velferð þeirra, sérstaklega nemenda í viðkvæmri stöðu sem þurfa viðbótarstuðning. Jafnframt hefur ráðuneytið unnið að mælaborði um áhrif COVID-19 með það að markmiði m.a. að veita yfirsýn yfir fjölda nemenda sem er í sóttkví eða einangrun hverju sinni. Nú þegar stjórnvöld hafa aflétt takmörkunum á skólastarf er brýnt að hefja uppbyggingu og innleiðingu og samhæfingu á áherslum og markmiðum menntastefnu 2030, markmiðum nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, markmiðum Barnvæns Íslands auk annarra stefna og áætlana á sviði menntunar og velferðar barna og ungmenna og verður í því skyni m.a. stofnað til nýs samráðsvettvangs hagsmunaaðila um menntun og velferðarmál barna og ungmenna sem hafi það verkefni að styðja við markvissa innleiðingu áherslna og aðgerða. Áhersla verður m.a. á að veita börnum og ungmennum markvissan stuðning og aðgerðum beint að því að huga sérstaklega að líðan allra barna, ekki síst í skólakerfinu, bregðast við mögulegri aukningu ofbeldis gegn börnum og vanrækslu, félagslegri einangrun, skólaforðun og brotthvarfi barna og ungmenna úr námi og félags- og frístundastarfi.

Fyrir hönd ráðherra

  
Óskar Þór Ármannsson

  
Sigríður Lára Ásbergisdóttir